

Ráðgjöf Öskjuhlíðarskóla



Frá árinu 1979 hefur eitt af hlutverkum Öskjuhlíðarskóla verið að veita ráðgjöf. Nemendur skólans hafa mismunandi færni til að tileinka sér nám og hefur því verið útbúið gagnasafn með námsefni sem sniðið er að þörfum nemenda.

Ráðgjöf Öskjuhlíðarskóla felst fyrst og fremst í ráðgjöf til starfsfólks annarra grunnskóla landsins sem leita ráðgjafar vegna nemenda sinna. Ráðgjöfin er veitt þeim sem bera ábyrgð á kennslu og þjálfun viðkomandi nemanda. Ráðgjafarþroskajálfi tekur við beiðnum á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má hér fyrir neðan. Ráðgjafarbeiðnir eru metnar með tilliti til þess hvernig þeim verður best mætt innan skólans. Kallaðir eru til fagaðilar innan skólans til að sinna ráðgjöf allt eftir eðli og umfangi hvernar beiðni fyrir sig.



Ráðgjafar skólans bjóða m.a. upp á kynningu á skipulagi fyrir einstaklingsmiðað nám og bekkjarstarf, kennslu í sérgreinum, og hugmyndafræði TEACCH (Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children).

Gagnasafnið inniheldur námsefni sem starfsfólk skólans hefur hannað með þarfir nemandahópsins í huga og nýtist m.a. í móðurmáls- stærðfræði- og samfélagsgreinum.

Í gagnasafni vinnuvers eru sér útbúin verkefni til málörvunar, fínhyfingar, flokkunar og pörunar.



Ráðgjafarþroskaþjálfari skólans er Hansína G. Skúladóttir og veitir hún frekari upplýsingar varðandi ráðgjöf skólans í síma: 4117950 eða netfang: hansina1@oskjuhlidarskoli.is

[Umsókn um ráðgjöf](#)